| | |
|---|---|
| **From:** | sigurlaug.gisladottir@rett.vel.is |
| **Sent:** | 26. október 2012 16:51 |
| **To:** | Nefndasvið umsagnir |
| **Subject:** | Athugasemd mál 36 |

Alþingi
Erindi nr. Þ 141/409
komudagur 26.10.2012

36. mál

Athugasemd við breytingu á 10 gr. sjá fyrir neðan.

um breytingu á lögum um félagslega aðstoð, nr. 99/2007, með síðari breytingum.

Flm.: Gunnar Bragi Sveinsson, Birkir Jón Jónsson, Sigurður Ingi Jóhannsson, Vigdís Hauksdóttir, Höskuldur Þórhallsson.

1. gr.

Við 10. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Styrk eða uppbót samkvæmt ákvæði þessu er heimilt að greiða öðrum en bótaþega, svo sem foreldrum eða nánum ættingjum, þrátt fyrir að viðkomandi hafi ekki sama heimili og bótaþegi. Er þá skilyrði að nægilega hafi verið sýnt fram á nauðsyn styrks eða uppbótar og að staðfesting þess efnis fáist frá heimilislækni bótaþega og félagsmálastjóra viðkomandi sveitarfélags.

Athugasemd Réttindagæslumanns Austurlands.

**Athugasemd við breytingu á 10 gr.**

**Ég tel ekki rétt að blanda félagsmálastjórum sveitarfélaga í þetta ferli því þangað eru þessir einstaklingar að sækja sína þjónustu á svo til öllum sviðum og ekki endilega allir alltaf samhljóða á þeim vettvangi. Því geta það verið þung skref að þurfa svo að biðja þá sömu þjónustuaðiia um vottorð að einhverju tagi.**
**Legg því til að það verði réttindagæslumenn hvers svæðis sem gefi út vottorð ásamt lækni enda réttindamál að geta nýtt sér slíkan styrk þegar þannig stendur á.**

Virðingarfylls

Sigurlaug G.I. Gísladóttir

Réttindagæslumaður fatlaðra á Austurlandi

sigurlaug.gisladottir@rett.vel.is

S 858-1964

Tjarnarbraut 39 ( áður Vonarland )

700 Egilsstaðir